



Reykjavík 11. 12. 2020

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á sóttvarnalögum, nr. 19/1997 (opinberar sóttvarnaráðstafanir o.fl.)**

Sóttvarnalögin frá 1997 voru framsýn, og hafa reynst vel. Reynslan hefur þó leitt í ljós að þau þarf að skýra og bæta á grundvelli þeirrar reynslu sem komin er á beitingu og framkvæmd þeirra í yfirstandandi faraldri. Sjúkraliðafélag Íslands fagnar því framkomnu frumvarpi ríkisstjórnarinnar um breytingu á sóttvarnalögum og tekur undir nauðsyn þess að uppfæra þau í ljósi nýlegrar, praktískrar reynslu.

Breytingarnar, sem lagðar eru til í frumvarpinu, taka m.a. mjög vel á þeim atriðum, sem sjúkraliðar, sem daglega sinna störfum á grundvelli sóttvarnarlaganna, telja ábótavant.

Sjúkraliðafélagið vill einkum undirstrika eftirfarandi:

**1. Skýring hugtaka.** Sjúkraliðar, sem ein framlínustétta í glímunni við Covid-19, hafa ekki farið varhluta af því að að ýmis mikilvæg hugtök sem varða sóttvarnir, eru ekki nákvæmlega skýrð í gildandi lögum. Jafnframt hafa önnur nýrri komið til sögunnar (sbr. skimanir, smitrakning). Ítarleg skýring íðorða og hugtaka í frumvarpinu er því mjög til batnaðar.

**2. Valdheimildir.** Reynsla þessa árs hefur leitt í ljós að nauðsynlegt er að skýra frekar ýmsar valdheimildir stjórnvalda, m.a. við aðstæður þar sem óhjákvæmilegt kann að reynast að beita þvingunarræðum. Taka þarf af tvímæli um að úrræði stjórnvalda nái í senn til smitaðra og þeirra, sem rökstuddur grunur leikur á að kunnir að vera smitaðir. Í þessum tilvikum þarf einkum að skoða tvennt:

Í **fyrsta lagi** þarf að liggja skýrt fyrir hvaða stjórnvald tekur slíkar ákvarðanir, og ber á þeim ábyrgð.

Í **öðru lagi** hefur mannréttindahugtakið þróast verulega í alþjóðlegum rétti á síðustu árum og þættast inn í margvíslega lagabálka. Mjög mikilvægt er að gæta samræmis við þessa þróun við undirbúning lagasetningar sem þessarar, einkum þar sem sú leið er farin að þætta sjónarmið sem varða mannréttindi inn í lögin.

Sjúkraliðafélag Íslands telur að vel skoðuðu máli að þessum þáttum sé vel skipað í frumvarpinu. Hitt liggur þó fyrir að ólík sjónarmið borgara á þessum þáttum og skyldum hafa skapað úlfúð í öðrum löndum og vísi að deilum hér á landi nú þegar. Sjúkraliðafélagið leggur því ríka áherslu á við háttvirta velferðarnefnd Alþingis að þessir þættir frumvarpsins verði skoðaðir mjög ítarlega með sérfræðingum úr fræðasamfélaginu og öðrum, sem málið kann að varða, þannig að fyrir liggji fjölbreytt sjónarmið varðandi viðkomandi þætti frumvarpsins.

**3. Sóttvarnarráð.** Sjúkraliðafélagið gerir eina ábendingu og eina tillögu varðandi sóttvarnarráð.

Ábending: Þekking á sviði erfðataekni hefur komið mjög farsælega við sögu í baráttunni við Covid-19 og m.a. gert mögulegt í sumum tilvikum að rekja uppruna smita og ný afbrigði veirunnar. Sjúkraliðafélag Íslands beinir því til háttvirtar velferðarnefndar að skoða hvort ekki eigi að orða ákvæði um sóttvarnarráð með þeim hætti að heimild sé til staðar til að skipa í ráðið vísindamann með sérþekkingu á sviði erfðagreininga.

Tillaga: Í sóttvarnarráði eru fulltrúar ýmissa stétta eða hópa sem skipaðir eru í ráðið í krafti fræðilegrar þekkingar á eða praktískrar við þjónustu sjúkra. Þar eru t.d. sérfræðilæknar og hjúkrunarfræðingar. Sjúkraliðar eru næstfjölmennasta hjúkrunarstéttin, og sú sem ber hitann og þungann af nærþjónustu. Umönnun og hjúkrun aldraðra, sem eru langstærsti áhættuhópurinn gagnvart smiti, er fyrst og fremst á þeirra herðum. Hópsmit hafa einmitt komið upp í þeim hópum, m.a. inni á heilbrigðisstofnunum.

Nám og starfssvið sjúkraliða hefur fleygt framá síðustu árum, og núverandi ríkisstjórn hefur m.a. ákveðið að hefja fagháskólanám fyrir sjúkraliða. Í sóttvarnarráði er mikilvægt að praktísk reynsla starfsmanna sem vinna náið með sjúklingum verði einnig metin við ráðgjöf. Sú þekking á sóttvörnum sem sjúkraliðar búa yfir og sem þeir hafa tileinkað sér í störfum sínum felast mikilvæg sjónarmið og áherslur sem þarf að tryggja við gerð stefnumótunar í sóttvörnum. Sjúkraliðafélag Íslands leggur því til að sjúkraliða verði bætt í þann hóp sem myndar sóttvarnarráð.

Fulltrúi frá Sjúkraliðafélagi Íslands er reiðubúinn að koma fyrir háttvirta velferðarnefnd Alþingis og ræða sjónarmið sín ef eftir því er óskað.

Virðingarfyllst,



Sandra B. Franks, formaður Sjúkraliðafélags Íslands